

Stöðuskýrsla (HIGHLIGHT REPORT)

Heiti verkefnis	Þjóðarsáttmáli um læsi, 2015-2020.
Málaskrárnúmer verkefnis	2016-2630
Viðfangsnúmer verkefnis	MMS480
Fjárlagsár	2017
Framkvæmdatími	Hvenær hófst verkefnið: 15.10.2015 Dagsetning þegar staða er metin: febrúar 2018

Útgáfa	1.0	Dags.: 05.02.2018
---------------	-----	-------------------

Bakhjarl/verkefnisstjóri:	Stýrihópur/ Andrea Anna Guðjónsdóttir
Eigandi:	Menntamálastofnun
Viðskiptavinur/notandi:	Sveitarfélögin í landinu Skólastjórnendur Leik- og grunnskólakennarar
Samstarfsaðilar:	

Fylgiskjal:

1. Úttak úr Oracle fjárhagskerfi ríkisins með færslum á viðfangsnúmer verkefnisins.
2. Verkágríp 2015-20
3. Verkefnisáætlun 2017
4. Greinagerð með stöðuskýrslu 2017

Tilgangur skjals (Purpose)

Skjal þetta er hluti af Prince2-verkefnisstjórnunarkerfinu. Tilgangur þess er að taka reglubundið út stöðu verkefnis útrá verkefnisáætlun fyrir árs. Tilgangurinn er að fá þarf fram raunstöðu og samanburð við upphaflega verkefnisáætlun (Viðskiptaáætlun er síðasti kaflinn í Verkefniságrípi (Project Brief) sem lá til grundvallar verkefninu). Einnig er verið að kanna hvort einhver vandamál hafi komið upp eða hvort áhættuþættir hafi breyst.

**Staða
tímaáætlunar**
Schedule status

Verkefnið er drifið áfram á afurðunum. Líftími verkefnisins er 5 ár og huga þarf að endurskoðun á tímaáætlun, verkþáttum sem stuðla að aukinni sjálfbærni verkefnisins.

Veruleg breyting hefur verið á tímaáætlun fyrir Lesferil og Skólagátt vegna mannbreytinga og vanáætlunar framkvæmda- og tíma við þróun gagnagrunns. Endurskoðun á Lesferli fól í sér verulegar breytingar sem og kerfishrun hjá 1984 ehf hafði áhrif á þróun Skólagáttar.

Ráðgjöfin er á áætlun og búið er að tengjast 59 sveitarfélögum.

Önnur verkefni eru einnig á tímaáætlun og framvinda á áætlun.

Breyting á stjórnskipulagi er verulegt frá fyrri áætlun, ábyrgðaraðili er á hverjum verkþætti sem tryggir gangsæi og flæði á milli verkefna. Hlutverkaskipting er skýr, samvinna og samstarf milli verkþátta er mikil sem tryggir framvindu og framgang verkefna.

Áætlun verklok	Desember 2020
Lesferill	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Lesferilvefurinn	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Skólagátt	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Ráðgjöf, kynningar og fræðsla	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Samstarfsverkefni- vitundarvakning	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Samfélagsmiðlar – sífelluverk á líftíma verkefnisins	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Ráðstefna - endurskipulag	<input checked="" type="checkbox"/> Ekki hafið <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið
Ut anumhald, skipulag og mat	<input type="checkbox"/> Ekki hafið <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu og komið vel á veg <input type="checkbox"/> Lokið

**Staða
fjárhags-
áætlunar**
Budget status

Fjárlagaár	2015	2016	2017	Samtals
Kostnaður				
Kostnaður skráður beint á verkefnið skv. Hreyfingarlista	3.510.557	16.327.935	19.003.611	38.842.103
Launakostnaður starfsmanna læsisverkefnis, teymisstjóra og forritara	21.367.725	99.088.979	81.719.526	202.176.230
Hlutdeild í launakostnaði sviðsstjóra	1.207.819	5.075.476	6.906.440	13.189.735
25% launakostnaður vegna hönnunar og umbrotsvinnu	1.997.388	1.957.130	2.130.631	6.085.149
10% kostnaðarhlutdeild í launakostnaði stöðþjónustu	1.155.661	7.229.664	7.252.902	15.638.227
10% kostnaðarhlutdeild í rekstrarkostnaði	13.071.981	12.512.461	11.497.773	37.082.215
Samtals kostnaður sem útteilist á læsisverkefnið	42.311.131	142.191.645	128.510.883	313.013.659
Fjármögnun				
Fjárheimild til verkefnisins	41.058.668	130.000.000	130.000.000	301.058.668
Heildarfjármögnun	41.058.668	130.000.000	130.000.000	301.058.668
Fjárhagsstaða: (heildarfjármögnun mínus raunkostnaður)	-1.252.463	-12.191.645	1.489.117	-11.954.991

Afurðum sem er lokið:

Products completed

- Lesfimiþróf fyrir 1. -10 bekk
- Stuðningsþróf
- Lesfimiþiðmið Menntamálastofnunar
- Orðarún
- Orðalykill
- HLJÓM-2
- Lesmál
- Leiðbeiningar og kynningarefni
- Undirbúningsvinna að lesferilsvefnum
- Undirbúningsvinna að stafsetningarpófum - próf tilbúin
- Upplýsingakerfið Skólagátt
- Myndrænt birtingarform niðurstaðna - lesfimi
- Skýrsla í kjölfar fyrirlagnar
- Ráðgjöf og fræðsla til 59 sveitarfélög, leik- og grunnskóla
- Ráðstefna 2016 og 2017
- Samstarfsverkefni - Hagnýt ráð og kennsluefni fyrir haghafa - Læsisdagatal, Sumarlestrarbingó, jólasveinalestur, læsisplakat
- Orðaforðalisti fyrir leikskóla og hagnýtt efni
- Sögur – samstarf við krakkaRÚV
- Samstarf við Heimili og skóla vegna læsisáttmála
- Samstarf við SÍUNG- málþing 2017 „ barnabókin er svarið“
- Námssefnispakki með útgefnu námsefni MMS til leikskóla landsins
- Samfélagsmiðlar - Facebook og gottadlesa.is

Afurðum sem er ólokið

- Lesskilningsþróf
- Stuðningsþróf (áður nefnd nefnuhraðapróf, orðleysuþróf, sjónrænn orðaforði) rafrænt aðgengi og úrvinnsla aðgengileg í Skólagátt
- HLJÓM - 2 rafrænt aðgengi og námskeið
- Lesferilsvefur - íhlutunarefni
- Námefti fyrir lestrarkennslu
- Rannsóknarsamstarf við háskóla - Samningar við erlendan og innlendan
- Tillögur um framtíðarfyrirkomulag varðandi stuðning við lestur
- Ritunarþróf
- Stafsetningarþróf tilbúin til notkunar
- Skimunarþróf fyrir 4 ja og 5 ára.
- Tengjast 74 sveitafélögum - ráðgjöf og stuðningur í formi myndbanda, fræðsluerinda.
- Orðaforðapróf
- Greinar um niðurstöður verkefnisins
- Samstarf við KrakkaRÚV - Sögur
- Samstarf við SÍUNG – rithöfundur á ferð og flugi – Gunnar Helgason á Austurlandi
- Verkferlar – samstarf og fræðsluefni fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna
- Manhattan – myndbönd – Læsisfyrirmyndir - dreifing á samfélagsmiðla
- Námssefni, matstæki og íhlutunarefni fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál
- Matsskýrsla varðandi framvindu verkefnisins
- Árleg ráðstefna - endurskipulag og endurskoðun
- Kanna stöðu á læsisstefnum sveitarfélaga, leik- og grunnskóla – áhersla í ráðgjöf 2018
- Framhaldsskólar - kerfisbundið lestrarnám
- Háskólar - framþróun og endurmenntun kennara
- PISA 2018 – fyrirlögn, viðhorfsbreyting og kynning í samstarfi við MRN

<p>Vandamál sem komið hafa upp eða eru fyrirsjáanleg Actual or potential problems</p>	<p>Lesferill- Skólagátt – Kerfishrun hjá 1984 ehf hafði töluverð áhrif innan Menntamálastofnunar og á Lesferil. Þetta seinkaði vinnu við að gera stuðningsprófin, stafsetningarpróf, Orðarún, Lesmál, Orðalykil og HLJÓM-2 hluta af Lesferli. Mikilvægt er að koma þessum prófum áfram í notkun til að fá sem bestu mynd af kunnáttu nemenda.</p> <p>Læsisverkefnið – Vandí í mannauðsmálum varð til þess að verkefnið tafðist um tíma. Mikil endurskipulagning var gerð um mitt sumar 2017 þar sem verkþættir voru endurskoðaðir og nýtt fólk kom til starfa.</p> <p>Skipulagsbreytingar innan Menntamálastofnunar geta haft veruleg áhrif á verkefnið, mannbreytingar í teyminu sem og í framkvæmdastjórn stofnunarinnar.</p> <p>Breytingar í pólitísku umhverfi hafði lítil áhrif á framvindu verkþátta en stjórnarskipti sem og ráðherraskipti geta haft veruleg áhrif á verkefnið þar sem „Þjóðarsáttmáli um læsi“ er verkefni sem þarf að sanna sig með mælanlegum hætti og afurðum haghöfum í hag.</p> <p>Kjaramál kennara getur haft áhrif þar sem þeir eru áhrifamestu haghafar verkefnisins.</p> <p>PISA 2018 –Verði niðurstöður úr PISA 2018 neikvæðar getur það haft áhrif á verkefnið.</p>
<p>Endurskoðuð áhætta Risks update</p>	<p>Áhættumat verkefnisins er yfirgripsmikið og tekur á flestum þeim þáttum sem upp geta komið sem mun ógna framgangi verkefnisins. Fækkun í teyminu er orðið að veruleika og aukið vinnuálag starfsmanna þar sem verkefnið hefur á sama tíma þroskast verulega frá upphaflegu verkágripi. Endurskoða þarf ábyrgðaraðila auk þess að gera skýra verkferla út frá áhættumati.</p>
<p>Ástand þolmarka Tolerance situation</p>	<p>Þolmörk verkþátta verður að virða því að líftími verkefnisins er til ársloka 2020. Skoða þarf og forgangsráða verkþáttum sem auka líkur á sjálfbærni verkefnisins.</p>
<p>Breytingar sem gætu haft áhrif á fjárhags- eða tímaáætlun Impact on budget and schedule</p>	<p>Skert fjármagn til verkefnisins gæti haft veruleg áhrif á framgang verkþátta. Einnig neikvætt viðhorf til verkefnisins. Kjarabaráttu kennara getur haft veruleg áhrif á tímaáætlun sem og fjárhagsáætlun verkefnisins. Skipulags- og mannbreytingar innan MMS geta haft áhrif á tímaáætlun. Aukið samstarf sem og úthýsing verkefna geta haft áhrif á fjárhagsáætlun.</p> <p>Endurnýjun tölvu- og tækjakost teymisins gætu haft áhrif, tölvukostur er tæplega 3ja ára.</p> <p>Endurskipulagning á ráðgjafaverkþætti verkefnisins gæti haft áhrif á tímaáætlun sem og fjárhagsáætlun.</p>